

Fundur framkvæmdahóps St. Jó.

Dags: 18. júní 2020

Tími: kl. 11:30

Staður: Fundarsalur bæjarráðs stjórnsýsluhúsinu Hafnarfirði

Mætt: Ágúst Bjarni Garðarsson, Guðlaug Kristjánsdóttir, Helga Stefánsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Sigríður Kristinsdóttir, Ragnheiður Agnarsdóttir.

## 1. Verkefnastjóri St. Jó kynnir stöðu verkefnisins

Bæjarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 20. maí sl. að leggja Lífsgæðasetri St. Jó. til 50 milljónir kr. til þess að ljúka framkvæmdum utanhúss og ljúka við bruna- og fallvarnir hússins. Framkvæmdirnar eru ákveðin forsenda þess að hægt sé að halda áfram með framkvæmdir innanhúss.

Verkefnisstjóri fór yfir stöðu mála sbr meðfylgjandi lista:

- ✓ Að fengið verði verðmat á St. Jó. miðað við núverandi ástand og áætlað söluverð við verklok.
  - ✓ Komið!
- Að leitað verði tilboða í þær framkvæmdir sem er ólokið.
  - Viðmið 300 mkr. - Kapella undanskilin
- Ef ásættanleg tilboð fást þá verði ráðist í að stofna einkahlutafélag og framkvæmdir verði fjármagnaðar með lánsfé.
  - Veðsetningarhlutfall 50-60% - ath.. Ekki þörf á stofnun einkahlutafélags fyrr en 1. jan. 2021 v. „allir vinna“ vsk. endgreiðsla
- ✓ Að vinnuhópar frá bænum taki að sér í sumar að undirbúa húsið fyrir framkvæmdir innanhúss.
  - ✓ Hefst 22. júní
- ✓ Að unnið verði að því að klára utanhúss framkvæmdir og aðgengismál í sumar.
  - ✓ Áætlaður kostnaður 40-57 m. kr.

## 2. Önnur mál

Framkvæmdahópur lýsti yfir ánægju sinni með framgang verkefnisins og styður heilshugar frekari vinnu sem hefur það að markmiði að tryggja áframhaldandi uppbyggingu hússins.